

# Reglugjörð

136  
5. des.

## um notkun rafmagns og meðferð rafmagnsstraums

### í Seyðisfjarðarkaupstað.

#### 1. gr.

Rafmagnsstöð Seyðisfjarðarkaupstaðar selur öllum rafmagn innan þess svæðis, sem taugar stöðvarinnar ná yfir, að svo miklu leyti sem afl stöðvarinnar nægir til, samkvæmt eftirfylgjandi skilmálum.

#### 2. gr.

Meðan rafmagnið er eingöngu notað til lýsingar, verður rafmagnsstöðinni lokað yfir tímabilið frá 20. maí til 20. júlí ár hvert, svo og á hverjum degi meðan dagsbirta er nægileg og ljósa þarf ekki við. Breytingar á þessu ákveður bæjarstjórn fyrir ákveðinn tíma í senn, eftir því sem við á og eftir því til hvers rafmagnið frekar verður notað, og verða þær breytingar auglýstar bæjarbúum með hæfilegum fyrirvara á venjulegan hátt.

Á þeim tíma, sem vjelarnar eiga að vera í gangi, má því aðeins stöðva þær eða taka af strauminn, að brýna nauðsyn beri til sökum aðgerða, er ekki verði hjá komist, og skal þá jafnan aftur hleypa straumnum í þræðina svo fljótt, sem unt er.

Breytingar og aðgerðir, svo og viðtengingar á nýjum línnum skulu, að svo miklu leyti sem hægt er, fara fram á þeim tímum, sem stöðin er lokað.

Komi það fyrir, að stöðin sje lokað sökum aðgerða, sem ekki verður hjá komist, lengur en tvo sólarhringa í senn á þeim tíma, sem hún á að vera opin, skal draga frá  $\frac{1}{300}$  af árgjaldinu hjá þeim, sem hafa straumtakmarkara, fyrir hvern sólarhring, sem framyfir er. Að öðru leyti ber bærinn enga ábyrgð gagnvart straumnotendum á lokun, sem stafar af ófyrirsjáanlegum atvikum (force majeure), heldur verður skemdin bætt eins fljótt og unt er.

#### 3. gr.

Hver, sem óskar að fá lagt inn til sín rafmagn eða breyta eldri innlagningu, skal senda stöðvarstj. skrifl. beiðni um það með nákvæmum upplýs. um það, hve mikið rafmagn hann vill fá alls, hve mikið til ljósa, suðu, vjela eða annars, hvort hann hugsar sjer seinna að bæta meiru við, og öðrum upplýsingum nauð-

**136** synlegum fyrir innlagninguna. Stöðvarstjóri sendir umsóknina með sínum at-  
 5. des. hugasemdum til rafmagnsnefndar, og nefndin ákveður þvínæst hvort innlagning-  
 in skuli leyfð eða ekki, og hve mikið gjald skuli greitt. Stöðvarstjórinn tilkynn-  
 ir umsækjanda úrskurð nefndarinnar, og skal sú tilkynning vera komin til hans  
 ekki seinna en 3 vikum eftir að stöðvarstjóri hefir fengið umsóknina.

Áður en byrjað er á innlagningunni, skal hlutaðeigandi með undirskrift  
 sinni á einu eintaki þessarar reglugjörðar skuldbinda sig til þess að uppfylla all-  
 ar þær kröfur, sem reglugjörðin gjörir til hans.

Pöntun á rafmagni sje bindandi fyrir að minsta kosti 1 ár. Hafi þá ekki  
 verið sagt upp með mánaðar fyrirvara, skoðast pöntunin gildandi fyrir næsta  
 ár o. s. frv.

#### 4. gr.

Húsálmur leggur rafmagnsstöðin á sinn kostnað frá aðalálmunum að hús-  
 inu, alt að 35 metra. Standi hús lengra en 35 metra frá næstu aðalálmu, kostar  
 húseigandi það, sem fram yfir fer, en stöðin lætur undir öllum kringumstæðum  
 vinna verkið og kostar sjálf uppsetningu á öryggjum og takmarkara eða mæli.  
 Ef sjerstakir erfiðleikar eru við lagning húsálmu, getur stöðin krafist endurgreiðslu  
 á þeim kostnaði, sem af því hlýst, en ef svo stendur á, skal gjöra húseiganda  
 aðvart fyrirfram.

Aðaltaugakerfi stöðvarinnar má ekki stækka nema með samþykki bæjar-  
 stjórnar.

#### 5. gr.

Innanhústaugar, lampar og önnur áhöld, vjelar o. s. frv., skal setja upp  
 á kostnað hlutaðeiganda af löggiltum innlagningarmanni. Engir nema þeir, sem  
 bæjarstjórnin eftir tillögum rafmagnsnefndar og stöðvarstjóra löggildir til þess,  
 mega leggja inn taugar, setja upp lampa eða önnur rafmagnsáhöld eða vjelar,  
 nje heldur að neinu leyti breyta eldri innlagningu.

#### 6. gr.

Nú hafa verið lagðar inn taugar eða áhöld sett í hús eða breyting verið  
 gjörð á eldri innlagningu; má þá ekki taka innlagninguna til afnota fyr en  
 stöðvarstjóri eða fulltrúi rafmagnsnefndar hefir skoðað og prófað innlagninguna  
 alla og vottað að hún sje fullnægjandi. Álítist innlagningin ófullnægjandi, skal  
 hlutaðeigandi innlagningarmaður laga hana þannig, að hún sje fullnægjandi.

#### 7. gr.

Enginn má án leyfis rafmagnsnefndar taka rafmagn úr taugakerfi bæjar-  
 ins, nje ótilkvaddur brjóta innsigli stöðvarinnar, og ekki heldur aðhafast neitt  
 það, er valdið geti skemdum á rafmagnstaugum eða öðrum rafmagnstækjum, sem  
 notuð eru í sambandi við taugarar, hvort heldur er í húsi hans eða utan þess.

Brjótí nokkur gegn ákvæði þessu, skal hann greiða fullar skaðabætur og sæta **136** sektum, sje verkið ekki þannig vaxið, að þyngri refsing liggi við samkvæmt 5. des. hegningarlögnum.

## 8. gr.

Hver rafmagnsnotandi er skyldur að sjá um, að innlagning hans sje ætíð í góðu lagi. Komi ólag á rafmagnstaugar eða rafmagnstæki í húsi, þannig, að skemdu valdi á taugum eða áhöldum rafmagnsveitunnar, t. d. að öryggi hrökkvi í sundur, mælar eða takmarkarar skemmist, þá skal húsráðandi tafarlaust tjá það stöðvarstjóra eða fulltrúa rafmagnsnefndar.

Þar sem rafmagn er notað til ljósa, skal varast að taka í sundur ljóstækin, straumsnerlana, tengihylkin o. s. frv.

Þar sem rafmagn er notað til suðu eða hitunar, ber þess að gæta, að suðu- eða hitunaráhöldin standi ekki svo nálægt veggjum, að brunahætta stafi af.

Húsráðandi ber ábyrgð á öryggjum innanhúss, en rafmagnsstöðin utan.

## 9. gr.

Rafmagnsnefndinni er heimilt að banna að nota lampa og áhöld, sem eftir álití hennar eru talin ótrygg, eða til tálmunar góðum rekstri. Sjerstaklega skulu vjelar vera þannig gjörðar, að þær byrji ekki ganginn eða stöðvi hann snögglega, heldur jafnt, svo það hafi ekki áhrif á ljósin.

## 10. gr.

Stöðvarstjóri og umboðsmenn rafmagnsnefndar skulu ætíð hafa frjálsan aðgang alstaðar þar sem taugar og áhöld eru í sambandi við aðaltaugarnar, til þess að rannsaka hvort alt er í lagi.

## 11. gr.

Nú vanrækir rafmagnsnotandi skyldur þær, er hann hefir samkvæmt þessari reglugjörð; skal þá stöðinni heimilt að slíta sambandi við hann, og ber notandi fulla ábyrgð á öllum afleiðingum, sem af vanrækslunni kunna að stafa.

## 12. gr.

Þegar sjerstaklega stendur á, er bæjarstjórninni heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum þessarar reglugjörðar. Rísi ágreiningur út af einstökum ákvæðum, sker bæjarstjórnin úr.

## 13. gr.

Stjórn rafmagnsstöðvarinnar skipa stöðvarstjóri, sem bæjarstjórnin setur, og rafmagnsnefnd, sem bæjarstjórnin kys. Í nefndinni eru 3 menn, kosnir til þriggja ára. Gengur einn nefndarmaður síðan úr nefndinni árlega tvö fyrstu skiftin, eftir hlutkesti, og er kosið í þeirra stað.

**136** Stöðvarstjóra ber að fylgja í öllu fyrirskipunum nefndarinnar, en nefndin  
5. des. gefur á ári hverju bæjarstjórninni skýrslu um störf stöðvarinnar, um leið og árs-  
reikningurinn er lagður fram. Bæjarstjórnin hefir yfirstjórn stöðvarinnar á  
höndum.

## 14. gr.

Reglugjörð þessari og gjaldskránni má breyta með samþykki stjórnarráðsins.

## 15. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum alt að 100 krónum, sem renna  
í bæjarsjóð Seyðisfjarðarkaupstaðar, og skal farið með mál útaf þeim sem al-  
menn lögreglumál.

Reglugjörð þessi er hjermeð sett, samkvæmt lögum 20. október 1913, um  
rafmagnsveitu í kaupstöðum og kauptúnum, og birt til eftirbreytni öllum þeim,  
sem hlut eiga að máli.

### Í stjórnarráði Íslands, 5. desember 1914.

Í fjarveru ráðherra.

**Kl. Jónsson.**

*Jón Hermannsson.*

## Gjaldskrá

### fyrir notkun rafmagns í Seyðisfjarðarkaupstað.

## 1. gr.

Verð á rafmagnsstraumi til ljósa í íbúðarhúsum, samkomuhúsum, skólum,  
búðum, skrifstofum, verksmiðjum og öðrum húsum, sem ekki eru sjerstaklega  
tiltekin í gjaldskránni, er um straumtakmarkara fyrir árið:

Fyrir	50 wolt	kr.	18,00
—	75 —	—	27,00
—	100 —	—	35,00
—	150 —	—	51,00
—	200 —	—	66,00
—	250 —	—	79,00
—	300 —	—	90,00

og svo 11 kr. fyrir hver 50 wolt úr því.

Um mæli er verðið í þessum húsum til ljósa alt að 50 aurar fyrir hverja 136  
kilóvoltsstund, eftir nánari ákvæðum bæjarstjórnar, en til suðu og hitunar 5 a. 5. des.  
fyrir kwst. Til vjela í verksmiðjum eða annarsstaðar ákveður bæjarstjórnin  
verðið fyrir hverja kwst. eftir atvikum, þó ekki hærra en 15 aura. Til lýs-  
ingar á bryggjum og til annara utanhúsljósa einstakra manna eða fjelaga, í sjó-  
búðum án fastrar íbúðar, í geymsluhúsum, sem engin íbúð er í og gripahúsum er  
gjaldið 5 kr. á ári fyrir hver 50 wolt um takmarkara, en 15 aurar fyrir hverja  
kwst. um mæli.

Gjaldið fyrir straum um takmarkara, er bæjarstjórninni þó heimilt að  
hækka eða lækka um alt að 15% frá því sem það er sett hjer að framan, og  
fyrir götuljós og ljós til húseigna og bryggju bæjarins ákveður bæjarstjórnin sjálf  
gjaldið.

### 2. gr.

Leiga eftir mæli er 8 kr. á ári, en eftir straumtakmarkara kr. 1.50, þar  
sem ekki er notaður meiri straumur en 50 wolt í húsi, ella 3 kr. á ári.

### 3. gr.

Gjaldið greiðist ársfjórðungslega eftir á. Þar sem straumtakmarkari er  
notaður er  $\frac{1}{4}$  hluti greiddur í hvert skifti. Hafi gjaldandi árangurslaust verið  
krafinn og ekki greitt gjaldið 15 dögum eftir gjalddaga, er stöðinni heimilt að  
slíta sambandi við hlutaðeiganda, eftir skriflega tilkynningu til hans.

Taka má gjaldið lögtaki. Gjaldið greiðist til þess manns, er bæjar-  
stjórnin felur innheimtuna. Húsráðandi eða straumnotandi sá, er hefir takmark-  
ara eða mæli fyrir sig, greiðir gjaldið.

Gjaldskrá þessi er hjermeð sett, samkvæmt lögum 20. október 1913, um  
rafmagnsveitu í kaupstöðum og kauptúnum, og birt til eftirbreytni öllum þeim,  
sem hlut eiga að máli.

**Í stjórnarráði Íslands, 5. desember 1914.**

Í fjarveru ráðherra.

**Kl. Jónsson.**

*Jón Hermannsson.*

**136 Fylgiskjal.**

5. des.

**Pöntunarseðill.**

Samkvæmt reglugjörð og gjaldskrá fyrir rafmagnsstöð Seyðisfjarðarkaup-  
staðar óskar undirritaður að fá breytt innlagningu í húsið .....  
innlagt rafmagn

Skilmála stöðvarinnar skuldbind eg mig til að halda að öllu leyti.

Hvers óskað er:

Tala. wolt.	Tala lampa með ljósmagn.						Tala suðu- áhalda.	Vjelar.		Tala tengja- hylkja.	Athugas.
	5	10	16	32	50			Tala.	Hestöfl		

Mælir óskast.

Straumtakmarkari óskast.

Seyðisfirði, hinn .....

.....  
(Undirskrift húsráðanda).

Undirritaður eigandi samþykkir að ofangreindar rafmagnstaugar og áhöld  
sjeu lagðar inn í tjeðu húsi mínu.

Seyðisfirði, hinn .....

.....  
(Undirskrift húseiganda).

Ofangreind pöntun er samþykkt.

Seyðisfirði, hinn .....

Fyrir rafmagnsstöðina  
.....